



Reykjavík, 7. júní 1996.

Samgöngudeild Alþingis
b/t. Nefndadeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/2251
komudagur 13/6 1996

Með vísan til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dagsett 10. maí 1996, sendum við hér með umsögn Félags íslenskra atvinnuflugmanna um frumvarp til laga um Flugskóla Íslands hf., 461. mál.

Við biðjumst velvirðingar á þeim tögum sem orðið hafa á afgeiðslu þessa erindis, en þess ber þó að geta að umsagnarfresturinn var stuttur og þar sem í ljós er komið að afgreiðslu frumvarpsins var frestað á vorþingi leyfum við okkur að senda eftirfarandi umsögn.

Félag íslenskra atvinnuflugmanna styður eindregið þá breytingu sem hér er boðuð um aðskilnað Flugskóla Íslands frá Flugmálastjórn, svo sem krafist er af samtökum evrópskra loftferðaeftirlita, JAA (Joint Aviation Authorities).

Með tilkomu JAA og þeirrar reglugerðar sem tekur til skírteinaútgáfu, JAR-FCL (Joint Aviation Requirements-Flight Crew Licensing), eru boðaðar miklar og víðtækar breytingar í skírteinaútgáfu og gerðar kröfur um gæði þess skóla sem veitir nauðsynlega menntun einstaklings til þess að starfa við atvinnuflug. Hönnuðir frumvarpsins virðast ekki gera sér ljóst að fullu hvaða vinna er framundan til þess að JAA samþykki viðkomandi skólastofnun. Skírteini sem gefið er út í einu aðildarríki JAA í samræmi við JAR-FCL verður sjálfkrafa tekið gilt í öllum öðrum aðildarríkjum JAA aðeins að því tilskildu JAA samþykki samræmda kennsluskrá í verk- og bóklegu námi flugskólans og loftferðaeftirlit í viðkomandi ríki. Er þetta gert af eftirlits eða samræmingarnefnd sem starfar fyrir sérhverja reglugerð JAA og er eftirlitsnefndin sem fjallar um skírteinismál kölluð "LIST Team" (Licensing Standardization Team). Niðurstöður nefndarinnar eru birtar opinberlega eftir hverja heimsókn.

Að framansögðu er ljóst að í frumvarpið skortir markmið hvernig stjórn skólans getur uppfyllt þau ströngu ákvæði sem JAA setur fram. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir launakostnaði stjórnar skólans úr ríkissjóði en ljóst er að starfsemi skólans mun aukast töluvert. Verkefni stjórnar skólans verður meðal annars að gera þjálfunaráætlun fyrir samhæfða kennslu (bóklega og verklega) og koma upp sameiginlegum gagnagrunni með öðrum skólum svo námsferill nemandans verði skráður frá upphafi til loka flugnáms, en það er ein megin krafa JAA. Þetta er stórt og tímafrekt verkefni og ekki ljóst hvort sá kostnaður rúmast innan 5. greinar frumvarpsins.



Í frumvarpinu kemur ekki fram hvar skólinn á að hafa aðsetur og hvort Flugmálastjórn sé tilbúin að afhenda núverandi húsnæði til framtíðar afnota fyrir skólann. Þá má einnig gera ráð fyrir því að eðlileg húsaleiga verði greidd í framtíðinni fyrir afnot af húsnæðinu, en ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaðarlið í frumvarpinu.

Markmiðum sem sett eru fram í 2. grein frumvarpsins verður ekki náð með núverandi tækjakosti skólans. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn á þeim vettvangi er flugþjálfari fyrir tveggja manna áhöfn svo að kennsla fyrir flugstjóraréttindi, ATP (Airline Transport Pilot), fáiast viðurkennd í samræmi við ákvæði JAR-FCL.

Skólagjöld fyrir árið 1995 í Flugskóla Íslands var 120.000 kr. atvinnuflugmannsréttindi og 75.000 kr. flugstjóraréttindi. (ATP)

Árið 1996, 130.000 kr. atvinnuflugmannsréttindi og 75.000 kr. flugstjóraréttindi. Bókakostnaður er um 45.000 kr. á nemanda og er ekki hluti af skólagjöldum. Þetta eru langhæstu skólagjöld sem finnast hér á landi og hlýtur að teljast óeðlilegt ef miðað er við aðra ríkisrekna skóla, t.d. Háskóla Íslands.

Af framansögðu er ljóst að fjármögnun skólans er engan veginn í samræmi við þau markmið sem sett eru fram í frumvarpinu og nær frumvarpið þar af leiðandi ekki að uppfylla þau ákvæði sem samtök evrópskra loftferðaæfirlita (JAA) gera í reglugerð um flugskírteini. (JAR-FCL)

Virðingarfyllst,

Kristján Egilsson,
formaður FIA.

Steinar Steinarsson,
formaður öryggisnefndar FIA.